Samþykktir fyrir Arion banka hf.

Articles of association for Arion bank hf.

1 Nafn félagsins

1.1 Félagið er hlutafélag og nafn þess er Arion banki hf.

1.2 Erlent hjáheiti félagsins er Arion Bank.

2 Heimili félagsins

2.1 Heimili félagsins er Borgartún 19, 105 Reykjavík og er varnarþing þess í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að koma á fót útibúum félagins innanlands sem erlendis.

3 Tilgangur félagsins

3.1 Félagið er fjármálafyrirtæki. Tilgangur félagsins er að starfrækja viðskiptabanka og hafa með höndum hverja þá starfsemi sem viðskiptabanka er heimilt að annast samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki á hverjum tíma og tilgreind eru í opinberu starfsleyfi félagsins.

3.2 Félaginu skal jafnframt vera heimilt að stunda hverja þá starfsemi aðra sem stendur í eðlilegum tengslum við starfsemi þess. Er félaginu heimilt að gerast eignaraðili að öðrum félögum í því skyni að sinna slíkri starfsemi.

4 Hlutafé félagsins

4.1 Hlutafé félagsins er kr. 2.000.000.000.00 - tveir milljarðar króna.

4.2 Hlutafé félagsins tilheyrir allt einum flokki hlutafjár og er hver hlutur ein (1) króna að nafnverði. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs hlutafjár.

4.3 Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Ákvörðun um hækkun hlutafjár verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða fyrir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum.

4.4 Hluthafafundur getur, með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, sem og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, vikið frá forgangsrétti hluthafa að nýjum hlutum, sbr. 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Tillögu þessa efnis skal greina með skýrum hætti í boðaðri dagskrá hluthafafundar.

1 Name of Company

1.1 The Company is a public limited company with the Icelandic name Arion banki hf.

1.2 The Company's foreign trading name is Arion Bank.

2 Head office of the Company

2.1 The Company's head office is at Borgartún 19, 105 Reykjavík, and its legal venue is Reykjavík. The Company's Board of Directors may establish branches of the company both in Iceland and abroad.

3 Purpose of the Company

3.1 The Company is a financial undertaking. The purpose of the Company is to operate a commercial bank and to pursue any and all activities which a commercial bank may carry out pursuant to the currently applicable Act on Financial Undertaking as specified in the Company's banking license.

3.2 The Company shall furthermore be authorised to pursue any other activities which are normally connected with its purpose. The Company may acquire holdings in other companies for the purpose of pursuing such activities.

4 Share capital of the Company

4.1 The Company's share capital is ISK 2,000,000,000.00 - Two billion Icelandic krónur.

4.2 All of the Company's share capital is of a single class and each share is ISK 1 nominal value. Each ISK 1 nominal value of share capital entitles the owner to one vote.

4.3 The Company's share capital may be increased by a resolution of a shareholders' meeting either through subscription for new shares or by the issuance of bonus shares. A decision to increase share capital shall only be valid if supported by at least 2/3 of votes cast, and if approved by shareholders controlling at least 2/3 of the share capital represented by votes at the meeting.

4.4 A shareholders' meeting may, with the approval of 2/3 of votes cast, as well as the approval of shareholders controlling at least 2/3 of the share capital represented by votes at the meeting waive the pre-emptive rights of shareholders to new shares, cf. the third paragraph of Art. 34 of Act. No. 2/1995 on Public Limited Companies. A motion to this effect must be clearly specified in the

announced agenda for the shareholders' meeting.

4.5 Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Nýti hluthafi ekki forgangsrétt sinn að nýjum hlutum eiga aðrir hluthafar hlutfallslega aukinn rétt til áskriftar í hans stað.

4.5 Shareholders shall have pre-emptive rights to new shares in direct proportion to their shareholdings. Should a shareholder fail to exercise its pre-emptive rights to new shares the entitlement of other shareholders shall be increased proportionally in its stead.

4.6 Greiði áskrifandi að hlutafé félagsins ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal félaginu heimilt að krefja áskrifandann um dráttarvexti, samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og verðtryggingu, af skuldinni frá og með þeim tíma. Ennfremur skal félaginu heimilt að grípa til hverra þeirra vanefndarúrræða sem lög leyfa á hverjum tíma, þar með talið að fella niður áskrift hlutaðeigandi áskrifanda og skal stjórn félagsins þá vera heimilt að veita öðrum hluthöfum forgangsrétt til þess hlutafjár sem áskrift var felld niður að. Stjórn félagsins skal þó, áður en áskrift hluthafa að hlutum er felld niður, veita upphaflegum áskrifanda fjögurra vikna frest til að inna greiðslu sína af hendi.

4.6 Should a subscriber to the Company's share capital fail to pay its subscribed share capital on the due date penalty interest may be demanded from the subscriber, with the base rate as determined by the Central Bank of Iceland plus inflation indexation, on the debt from that date forth. Furthermore, the Company shall be authorised to apply any default remedies currently provided for by law, including cancelling the subscription of the subscriber in question, in which case the Company's Board may grant other shareholders pre-emptive rights to the share capital of the cancelled subscription. The Company's Board of Directors shall, however, before cancelling a subscription for shares, grant the original subscriber a time limit of four weeks to deliver its payment.

4.7 Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

4.7 Only a shareholder's meeting can take a decision to reduce share capital.

4.8 Hluthafafundur veitir stjórn félagsins heimild, samhliða heimild til hlutafjárhækkunar, með frávikum frá hvers kyns forgangsrétti hluthafa, til að gefa út breytanleg skuldabréf sem uppfylla kröfur sem viðbótar eigin fjár þáttur 1 samkvæmt 84. gr. b laga nr. 161/2002. Heimild þessa má nýta einu sinni eða oftar og gildir hún til aðalfundar félagsins árið 2019. Lánsfjárhæðir og skilyrði umbreytingarinnar skulu ákvörðuð þannig að heildarfjárhæð hluta sem stjórn er heimilt að gefa út við umbreytingu, á grundvelli þessar heimildar, geti ekki orðið fleiri en 400.000.000 hlutir eða 20% af útgefnum hlutum á þeim tíma sem viðbótar eigin fjár þáttar 1 skuldabréfin eru gefin út (eða samsvarandi fjöldi vegna hvers kyns hlutafjárhækkunar, útgáfu jöfnunarhlutabréfa, umbreytingu breytanlegra gerninga eða sambærilegra félagaréttarlegra atburða). Skuldabréf sem mynda viðbótar eigin fjár þátt 1 taka skyldubundinni umbreytingu í samræmi við skilmála þeirra en geta ekki verið umbreytanlegir að vali skuldabréfaeiganda. Stjórn skal ákveða alla aðra skilmála vegna útgáfu á grundvelli þessarar heimildar

4.8 By a shareholders resolution the Board of Directors is authorised, for the period until the annual general meeting in 2019, on one or several occasions, with deviation from any shareholders preferential rights, to issue convertibel notes that meet Additional Tier 1 requirements according to article 84 b of the Act on Financial Undertakings, no. 161/2002. Loan amounts and conditions for conversion shall be set so that the total number of shares which may be issued upon conversion of Additional Tier 1 Notes, by virtue of this authorization, may not exceed 400,000,000 shares or 20% of outstanding shares at the time of issue of Additional Tier 1 Notes (or the corresponding number due to any bonus issue, share issue, conversion of convertibles, share split or reversed share split or similar corporate events). Additional Tier 1 Notes shall mandatorily convert into shares under the conditions stated in the terms and conditions of the Additional Tier 1 Notes but not be convertible at the option of the holders. 1. The Board of Directors resolves on all other terms and conditions for issuance according to this authorization.

5 Hlutaskrá og rafræn skráning hluta

5.1 Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Skal í hlutaskrá tilgreina nafn hluthafa, kennitölur þeirra, heimili og hlutafjáreign þeirra. Ennfremur skal þar geta eigendaskipta- og skráningardagsetningar á hlutafjáreign hluthafa. Loks skulu í hlutaskrána færðar upplýsingar um atkvæðisrétt hluthafa og skulu þar koma fram upplýsingar um þau samstæðutengsl sem félagið kann að eiga í við hluthafa sína.

5.2 Hlutaskrá skal aðgengileg öllum hluthöfum félagsins og skal þeim heimilt að kynna sér efni hennar á skrifstofu félagsins.

5.3 Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

5.4 Staðfesting verðbréfamiðstöðvar á eignarrétti á hlutum í félaginu skal teljast fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá og sönnun hlutafjáreignar hluthafa.

5.5 Gagnvart félaginu skal eignarskráning að hlut í verðbréfamiðstöð skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Arður skal á hverjum tíma, svo og jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar allar sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins, sbr. grein 5.4. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna um eigenda- eða aðsetursskipti.

5.6 Hluthafi ber ábyrgð á því að hlutaskrá geymi réttar upplýsingar um hann, að frátöldum þeim upplýsingum sem unnt er að sækja um hluthafann í Þjóðskrá, en þær upplýsingar verða uppfærðar sjálfkrafa.

6 Eigendaskipti að hlutum, veðsetning o.fl.

6.1 Engar hömlur eru lagðar á meðferð hluta í félaginu. Meðferð virkra eignarhluta sætir takmörkunum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Hluti í félaginu má framselja og veðsetja nema annað leiði af lögum. Um skrásetningu veðréttinda, eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer samkvæmt löggjöf um rafræna eignaskráningu verðbréfa, eins og hún er á hverjum tíma.

5 Register of shares and electronic registration of title

5.1 The Company's Board of Directors shall keep a register of shares as provided for by law. The register of shares shall specify the shareholder's name, Id/Reg.No., address and shareholding. Furthermore, it shall record changes in ownership and the date of registration of shareholders' holdings. Finally, information on shareholders' voting rights shall be entered in the register of shares, together with information on any group connections between the Company and its shareholders.

5.2 The register of shares shall be accessible to all the Company's shareholders and available for their inspection at the Company's offices.

5.3 The Company's shares are electronically registered in a securities depository as provided for by Act No. 131/1997, on Electronic Registration of Title to Securities.

5.4 The confirmation of a securities depository of title to shares in the Company shall be deemed a satisfactory basis for the register of shares and proof of the shareholder's holding.

5.5 Registration of ownership of shares in a securities depository shall be regarded by the Company as fully valid proof of ownership rights to shares in the Company. Any dividend payments, as well as bonus shares, announcements of meetings and all notifications, shall be sent to the party currently recorded in the Company's register of shares as the owner of the respective shares, cf. Art. 5.4. The Company shall bear no responsibility for payments or notifications which may go astray as a result of failure to notify it of changes in ownership or residence.

5.6 The shareholders is responsible for ensuring that the register of shares contains correct information on the shareholder, apart from such details as can be obtained on the shareholder from the National Registry; this information is updated automatically.

6 Change in ownership of shares, pledging etc.

6.1 No restrictions are placed on transactions with shares in the Company. Transactions with qualifying holdings are subject to limitations under the Act on Financial Undertakings. Shares in the Company may be assigned or pledged unless otherwise provided for by law. Registration of lien rights and changes in ownership and their implementation are subject to currently existing legislation on electronic registration of title to securities.

6.2 Eigendaskipti að hlut, hvort heldur verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti, eða aðför skal ávallt tilkynna jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

6.3 Sá sem eignast hefur hlut getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins, eða hann tilkynnt um og fært sönnur á eign sína á hlutafé þess.

6.4 Félagið má ekki veita lán eða aðra fyrirgreiðslu gegn tryggingu í hlutum sem útgefnir eru af félaginu sjálfu.

7 Rafræn samskipti félagsins við hluthafa

7.1 Félaginu er heimilt að nýta rafræn skjalasamskipti og tölvupóst í samskiptum milli félagsins og þeirra hluthafa sem þess óska í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa, s.s. varðandi boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að skuli sendar hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta við hluthafa og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem hluthafar skulu nýta til slíkra samskipta og skulu reglurnar birtar á vefsíðu félagsins. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta ósk sína þar að lútandi í samræmi við þær reglur sem félagsstjórn setur.

8 Skyldur hluthafa

8.1 Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlíta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða eins og þeim kann að vera breytt síðar á löglegan hátt.

8.2 Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlut sinn í félaginu, nema hann axli slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi.

8.3 Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

8.4 Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn hluta sinna nema lög mæli svo fyrir um.

6.2 Changes in share ownership, whether resulting from a sale, gift, inheritance, estate settlement or execution must always be notified as soon as effected; the register of shares shall be revised accordingly.

6.3 A party who has acquired shares in the Company may not exercise its rights as shareholder unless its name has been entered in the Company's register of shares or it has given notification and proof of its ownership of the shares.

6.4 The Company may not grant loans or other credit against security in the form of shares issued by the Company itself.

7 Electronic communications between the Company and shareholders

7.1 The Company may utilise electronic communications and e-mail for communications between the Company and shareholders who so request instead of sending or submitting documents on paper. This authorisation shall apply to any and all types of communications between the Company and shareholders, such as announcements of shareholders' meetings, dividend payments or other notifications which the Board may decide to send shareholders. Such electronic communications are equivalent to communications on paper. The Board of Directors shall adopt rules on the procedures for electronic communications with shareholders and the requirements set for software to be used by shareholders for such communications; these rules shall be published on the Company's website. Those shareholders intending to avail themselves of electronic communications with the Company in this manner must confirm their requests to this effect in accordance with rules adopted by the Board of Directors.

8 Shareholder's obligations

8.1 All shareholders are required, without special obligation, to comply with the Company's Articles of Association, as they now stand or as subsequently amended in lawful manner.

8.2 Shareholders bear no responsibility for the Company's obligations above and beyond their holding in the Company unless they assume such obligations through a specific legal instrument.

8.3 No privileges are conferred by shares in the Company.

8.4 Shareholders shall not be subject to redemption of their shares unless so provided

for by law.

9 Eigin hlutir félagsins

9.1 Félaginu er heimilt að kaupa og eiga eigin hluti að því marki sem lög heimila.

9.2 Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

9.3 Þrátt fyrir grein 9.1, er félaginu því aðeins heimilt, í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 56. og 57. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að kaupa og eiga eigin hluti, að hluthafafundur hafi veitt félagsstjórn slíka heimild. Er hluthafafundi óheimilt að veita slíka heimild til lengri tíma í einu en 5 ára hverju sinni. Verði heimild til kaupa og eignarhalds á eigin hlutum veitt af hluthafafundi, skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti samþykktanna þann tíma sem heimildin er í gildi.

9 Own shares

9.1 The Company may purchase and hold its own shares to the extent currently authorised by law.

9.2 Voting rights may not be exercised for those shares owned by the Company itself.

9.3 Notwithstanding Art. 9.1. the Company may only, in instances other than those referred to in Articles 56 and 57 of Act No. 2/1995, on Public Limited Companies, purchase and hold own shares if a shareholders' meeting has granted the Board of Directors such authorisation. A shareholders' meeting may not grant such authorisation for a period longer than five years in each instance. If authorisation to purchase and hold own shares is granted by shareholders' meeting this must be recorded in a special Annex to these Articles of Association and such Annex shall be an integral part of the Articles during such time as it is valid.

10 Fundir hluthafa

10.1 Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

10.2 Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum. Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund, taka þar til máls og neyta þar atkvæðisréttar síns.

10.3 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, sem og ef endurskoðandi félagsins eða hluthafar sem ráða yfir 1/20 hlutafjár félagsins krefjast þess skriflega. Skulu þeir þá jafnframt senda stjórninni greinargerð um það hvers vegna þeir krefjast fundarins og tilkynnir stjórnin þá hluthöfum um fundarefnið með fundarboðinu.

10.4 Heimilt er að halda hluthafafundi félagsins annars staðar en á heimili félagsins.

10.5 Hluthafafundur telst lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega var til hans boðað og fundurinn er sóttur af einum eða fleiri hluthafa.

10.6 Boðað skal til hluthafafundar minnst 21 degi og lengst 28 dögum fyrir fund, nema hluthafar hafi áður samþykkt boðun með skemmri fyrirvara á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í 88. gr. a laga um hlutafélög nr.

10 Shareholder's meetings

10.1 Final authority in Company matters, within the limits prescribed by national law and these Articles of Association rests with duly constituted shareholders' meetings.

10.2 Shareholders exercise their decision-making powers at shareholders' meetings. All shareholders are entitled to attend a shareholders' meeting, to address the meeting and exercise their voting rights.

10.3 The Company's Board of Directors shall convene shareholders' meetings when it considers this necessary or if the Company's auditor or shareholders controlling 1/20 of the Company's share capital so request in writing. In such case those parties must send a statement to the Board of Directors as to why they request the meeting and the Board will then notify shareholders of the meeting agenda in the meeting announcement.

10.4 A meeting of the Company's shareholders may be held at a location other than the Company's head office.

10.5 A shareholders' meeting shall be duly constituted, regardless of attendance, if it was lawfully convened and if one or more shareholders attend the meeting.

10.6 A shareholders' meeting must be convened with at least 21 and no more than 28 days' notice, unless shareholders have previously agreed to its convening on shorter notice based on those requirements set in Art. 88 a of the

2/1995. Framhaldshluthafafundi skal boða með sama hætti og með sama fresti og aðra hluthafafundi.

10.7 Boðað skal til hluthafafundar með auglýsingu í fjölmiðlum, einum eða fleiri, og einnig með rafrænum eða með öðrum sannanlegum hætti þannig að hluthöfum sé tryggður skjótur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Skulu við boðunina notaðir traustir miðlar sem tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska Efnahagssvæðinu.

10.8 Í fundarboði skal hið minnsta tilgreina:

a) Fundarstað, fundartíma og drög að dagskrá.
b) Skýrar og nákvæmar upplýsingar um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi. Meðal annars skal veita upplýsingar um:
   i. Rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar, rétt hluthafa til að leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, auk frests er þeir skulu hafa til þess að nýta þessi réttindi,
   ii. Reglur um atkvæðagreiðslu fyrir atbeina umboðsmanns, eyðublöð vegna slíkrar atkvæðagreiðslu og á hvern hátt félagið sé reiðubúið að samþykkja rafrænar tilkynningar um skipun umboðsmanns,
   iii. Reglur um skriflega eða rafræna atkvæðagreiðslu eftir því sem við á.
c) Hvar og hvernig nálgast megi óstyttan texta:
   i. Skjala sem lögð verða fyrir hluthafafund,
   ii. Ályktunartillagna og/eða eftir atvikum athugasemda frá stjórn félagsins eða nefndum hennar eða endurskoðendum félagsins varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar,
   iii. Ályktunartillagna hluthafa sem borist hafa félaginu.
d) Vefsíðu þar sem hluthafar geta nálgast upplýsingar sem þeir skulu hafa aðgang að á hluthafafundi samkvæmt lögum. Skal ályktunartillögum hluthafa bætt þar við eins fljótt og félaginu hafa borist þær.

10.9 21 degi fyrir hluthafafund og á fundardegi skulu eftirfarandi upplýsingar vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins:

i. Fundarboðið,
ii. Heildarfjöldi hluta og atkvæða á þeim degi er boðað var til fundarins,
iii. Skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund,
iv. Ályktunartillögur og athugasemdir frá stjórn

Public Limited Companies Act, No. 2/1995. A follow-up shareholders' meeting shall be convened in the same manner and with the same notice as other shareholders' meetings.

10.7 A shareholders' meeting shall be convened with an advertisement in one or more mass media and also by electronic or other verifiable means, so that shareholders' are ensured prompt and equal access to the announcement. Reliable media shall be used for the announcement to ensure effective distribution of information of the general public in the European Economic Area.

10.8 The meeting announcement must include at least:

a) the location, date and time, and draft agenda of the meeting;
b) clear and precise information concerning participation and voting at the meeting. Among other things, information must be provided concerning:
   i. the right of shareholders to have issues placed on the agenda of the shareholders' meeting, the right of shareholders to submit resolutions and to pose questions, and the time limits allowed them to exercise these rights;
   ii. rules on voting by proxy, forms for such voting and the manner in which the Company is prepared to approve electronic notifications of the appointment of proxies;
   iii. rules on written or electronic voting, as applicable;
c) where and how a complete text may be obtained of:
   i. documentation to be presented to the shareholders' meeting;
   ii. motions and/or explanatory notes, as the case may be, from the Company's Board of Directors or its committees or the Company's auditors regarding each item in the draft agenda for the shareholder's meeting;
   iii. motions from share received by the Company;
d) a website where shareholders can obtain the information to which they are to have access for the shareholders' meeting as provided for by law. Motions from shareholders shall be added to this as promptly as they are received by the Company.

10.9 Twenty-one days prior to the shareholder's meeting and on the date of the meeting the following information shall be accessible to shareholders on the Company's website:

i. the meeting announcement;
ii. the total number of shares and votes as of the date the meeting was announced;
iii. documentation to be presented to the

félagsins eða nefndum hennar, eftir því sem við á, varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar. Einnig skal bæta ályktunartillögum hluthafa samkvæmt grein 10.10 við á vefsíðu félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra,

v. Eftir atvikum, eyðublöð sem umboðsmenn skulu nota við atkvæðagreiðslu eða nota á við skriflega atkvæðagreiðslu, eða hvernig nálgast megi eyðublöð í pappírsformi, nema þau hafi verið send hverjum hluthafa.

shareholders' meeting;

iv. motions and/or explanatory notes from the Company's Board of Directors or its committees, as the case maybe, regarding each item on the draft agenda for the shareholders' meeting. Motions from shareholders, as referred to in Art. 10.10, shall also be added to the Company's website as promptly as possible after they are received;

v. as appropriate, forms to be used by proxies for voting or to be used for voting by ballot, or how paper copies of the forms may by obtained, unless they have been sent to each shareholder.

10.10 Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um slíkt til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.

10.10 Each shareholder is entitled to have a specific matter dealt with at a convened shareholders' meeting, if it makes a written or electronic request for such to the Board of Directors with sufficient notice to allow the matter to be placed on the agenda of the meeting, however, no later than 10 days prior to the meeting. The request must be accompanied by grounds for the same or a draft resolution for the Board of Directors. Information on such request must be published on the Company's website no later than three days prior to the meeting together with the proposal and, as the case may be, the revised meeting agenda.

10.11 Hluthafa er einnig heimilt að krefjast þess, að því gefnu að slíkt verði ekki til verulegs tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar, að félagsstjórn og bankastjóri leggi á hluthafafundi fram upplýsingar um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða málefni sem geta haft áhrif á afstöðu hluthafa til mála, er ákvörðun á að taka um á fundinum. Um upplýsingaskyldu þessa fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga.

10.11 A shareholder may also request, provided such will not result in substantial losses to the Company in the estimation of the Board of Directors, that the Board and CEO present the shareholders' meeting with information on those issues of significance for assessment of the Company's annual financial statements and its situation in other respects or on issues which could affect shareholders' position on questions which are to be decided at the meeting. Provisions of the Public Limited Companies Act shall apply in other respect to such information disclosure.

10.12 Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá, kemur það ekki í veg fyrir að ákveðið sé að boða til aukafundar til þess að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum. Löglega fram bornar viðauka- eða breytingatillögur má þó bera upp á fundinum sjálfum þó svo þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

10.12 Matters which have not been listed on the agenda of a shareholders' meeting cannot be dealt with for final resolution at the meeting without the consent of all the Company's shareholders but resolutions may be adopted concerning them to serve as direction for the Board. Even if an item was not listed on the meeting agenda, this shall not preclude the calling of an extraordinary general meeting to discuss this item; in addition, an AGM may always finalise those items which it is required to handle by law or the Articles of Association. Supplementary motions or amendments, legally submitted, may be raised at the meeting itself, however, despite not having been available to shareholders beforehand.

10.13 Félagsstjórn er heimilt að ákveða að

10.13 The Board of Directors may decide to hold a

hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða að hluta, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarins örugg og standist kröfur hlutafélagalaga.

10.14 Ákvörðunar um að hluthafafundur skuli haldinn rafrænt skal getið í fundarboði. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað sem hluthafar þurfa til þess að geta tekið þátt í fundinum, upplýsingar um hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, upplýsingar um hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku á fundinum og aðrar upplýsingar sem átt geta við. Sé hluthafafundur haldinn með rafrænum hætti að einhverju eða öllu leyti, skal innslegið aðgangsorð í hinn tilgreinda fjarskiptabúnað jafngilda undirritun viðkomandi hluthafa og telst það staðfesting á þátttöku hans á hluthafafundinum. Ef hluthafafundur er haldinn með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti, skulu hluthafar sem hyggjast sækja fundinn með rafrænum hætti tilkynna skrifstofu félagsins um þátttöku eigi síðar en fimm dögum fyrir hluthafafund og þá samtímis leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Að öðru leyti gilda um slíkar atkvæðagreiðslur ákvæði 80. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög með síðari breytingum.

10.15 Þrátt fyrir ákvæði greinar 10.13 skal félagsstjórn ávallt gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði annað hvort skriflega eða rafrænt um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar. Í fundarboði skal koma fram hvernig atkvæðagreiðslan skuli framkvæmd. Hluthafar geta óskað eftir að fá atkvæðaseðla senda sér, hafi skrifleg beiðni þeirra þar um borist skrifstofu félagsins fimm dögum fyrir hluthafafund. Hluthafar geta einnig vitjað atkvæðaseðla sinna á skrifstofu félagsins frá sama tíma og greitt þar atkvæði.

10.16 Hluthafar, umboðsmenn og ráðgjafar þeirra hafa rétt til að sækja hluthafafundi í samræmi við reglur hlutafélagalaga. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara þar með atkvæðisrétt fyrir hönd hluthafans. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt, og dagsett umboð. Umboð skal leggja fram á fundi og gildir það

shareholders' meeting by electronic means, either in full or in part, provided the technology to be used for the meeting is secure and fulfils the requirements of the Public Limited Companies Act.

10.14 A decision to hold a shareholders' meeting by electronic means shall be stated in the meeting announcement. This shall also provide information on the necessary technical equipment which shareholders require to participate in the meeting, information as to how shareholders are to give notice of their participation, information as to how voting will take place and where shareholders can obtain instructions on telecommunications equipment, passwords for access to the meeting and other relevant information. If a shareholders' meeting is held in part or in full by electronic means a password entered in the specified telecommunications equipment shall be equivalent to the signature of the respective shareholder and shall be considered confirmation of its participation in the shareholders' meeting. If a shareholders' meeting is held in part or in full by electronic means shareholders intending to attend the meeting electronically must notify the Company's office of their participation no later than five days prior to the shareholders' meeting and at the same time submit questions concerning the agenda or documentation provided for which they request answers at the meeting. In other respects such voting is governed by the provisions of Art. 80 of Act No. 2/1995, on Public Limited Companies, as subsequently amended.

10.15 Notwithstanding the provision of Art. 10.13, the Board of Directors must always give shareholders an opportunity to cast their votes either by ballot or electronically on issues on the agenda of a shareholders' meeting. The meeting announcement must state how voting is to be carried out. Shareholders may request to have ballots sent to them if their written request to this effect is received by the Company's office five days prior to the shareholders' meeting. Shareholders may also pick up their ballots at the Company's offices from that same time forth and cast their votes there.

10.16 Shareholders, their proxies and their advisors are entitled to attend shareholders' meetings in accordance with the rules of the Public Limited Companies Act. A shareholder may have its proxy attend a shareholders' meeting on its behalf and exercise voting rights on the shareholders' behalf. A proxy must present

einungis til fundarsetu á einum hluthafafundi, nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins.

a written or electronic dated power of attorney. The power of attorney shall be presented at the meeting and shall be valid only for attendance at one shareholders' meeting unless otherwise clearly stated in the contents of the power of attorney.

10.17 Formaður og meiri hluti stjórnar ásamt bankastjóra skulu vera viðstaddir hluthafafundi, nema forföll hamli. Starfsmenn hafa rétt til að sækja hluthafafundi félagsins án málfrelsis, tillögu- eða atkvæðisréttar, séu þeir ekki jafnframt hluthafar. Bankastjóri og endurskoðandi félagsins hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum þótt þeir séu ekki hluthafar. Stjórn og bankastjóra er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum hluthafafundum, ef líklegt þykir að leita þurfi álits þeirra eða aðstoðar á fundinum.

10.17 The Chairman and a majority of the Board of Directors together with the CEO shall attend shareholders' meetings, unless unable to attend. Employees shall be entitled to attend the Company's shareholders' meetings without the right to address the meeting, submit motions or vote, unless they are also shareholders. The Company's CEO and auditor shall have full rights to speak and make motions at shareholders' meetings, despite not being shareholders. The Board of Directors and CEO may invite experts to attend specific shareholders' meetings, if it is considered probable that their opinion will need to be sought or to assist at the meeting.

11 Fundarstjóri, fundarritari og framkvæmd hluthafafundar

11.1 Formaður stjórnar félagsins, eða fundarstjóri, sem kosinn er á fundinum, stýrir hluthafafundi.

11.2 Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara sem halda skal fundargerð þar sem gerð er grein fyrir mætingu hluthafa á fundinn, þeim ákvörðunum sem teknar eru á fundinum, úrslitum atkvæðagreiðslna og öðru markverðu sem á hluthafafundi gerist.

11.3 Fundarstjóri kannar lögmæti fundarins og lýsir afstöðu sinni þar að lútandi fyrir fundinum. Hann stýrir umræðum og atkvæðagreiðslum. Ef hluthafafundur er rafrænn skal fundarstjóri staðfesta að tækjabúnaður sem notaður er standist kröfur hlutafélagalaga.

11.4 Fundarstjóri skal gæta ákvæða hlutafélagalaga og samþykkta félagsins um atkvæðisrétt og atkvæðagreiðslur.

11.5 Á hluthafafundum félagsins gilda almenn fundarsköp.

11.6 Þegar hluthafafundur hefur verið settur skal gerð skrá yfir þá hluthafa og umboðsmenn þeirra sem fund sækja, til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver og einn þeirra ræður yfir.

11 Meeting chairman, meeting secretary and conduct of a shareholders' meeting

11.1 The Chairman of the Company's Board of Directors, or a meeting chairman elected by the meeting, shall direct the meeting.

11.2 The meeting chairman shall have a secretary elected for the meeting to take minutes giving an account of the shareholders attending the meeting, those decisions taken at the meeting, the results of voting and other matters of significance occurring at a shareholders' meeting.

11.3 The chairman shall determine whether the meeting is legally constituted and declare his/her conclusion in this regard to the meeting. He/She shall direct discussion and voting. If a shareholders' meeting is held electronically the chairman shall confirm that the equipment used satisfies the requirements of the Public Limited Companies Act.

11.4 The meeting chairman shall ensure compliance with provisions of the Public Limited Companies Act and the Company's Articles of Association concerning voting rights and voting.

11.5 General rules of procedure shall apply at the Company's shareholders' meetings.

11.6 Once a shareholders' meeting has been called to order, a list shall be compiled of those shareholders and proxies attending the meeting, to make it clear how many shares and votes each of them represents.

11.7 Á hluthafafundi ræður afl atkvæða niðurstöðu nema á annan veg sé mælt fyrir í lögum eða samþykktum þessum. Falli atkvæði um tillögu jöfn telst tillögunni hafa verið hafnað. Ef tveir menn fá jafn mörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti milli þeirra ráða niðurstöðu.

11.8 Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar ef einhver fundarmaður krefst þess, nema fundarstjóri telji að fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar muni ekki hafa áhrif á niðurstöðu hennar.

11.9 Fundargerðir skulu færðar í fundargerðabók og teljast þær fullgild sönnun þess sem fram fór á hluthafafundi. Fundargerð skal lesin upphátt fyrir fundarlok og skrá skal þær athugasemdir við hana sem þá koma fram. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðina, en fundarmenn ekki.

11.10 Í síðasti lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðarbók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti á skrifstofu félagsins.

12 Ákvarðanir hluthafafundar er krefjast samþykkis allra hluthafa

12.1 Þrátt fyrir ákvæði greinar 11.7 skulu eftirfarandi ákvarðanir hluthafafundar því aðeins teljast samþykktar að allir hluthafar félagsins hafi samþykkt þær:

i) Ákvarðanir sem skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða til annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.

ii) Ákvarðanir er auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.

iii) Ákvarðanir sem takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum þeirra eða fela í sér skyldu fyrir hluthafa til þess að þola innlausn hluta sinna að einhverju eða öllu leyti, umfram það sem mælt er fyrir um í lögum, nema félaginu sé jafnframt slitið, ellegar hlutafé þess að fullu fært niður.

12.2 Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum sem skerðir rétt hluthafa til arðs eða annarra greiðslu af eignum félagsins, án þess þó að grein 12.1 i) eigi við, er því aðeins gild að hluthafar sem ráða yfir meiru en 9/10 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á

11.7 The majority of votes shall determine the outcome at shareholders' meetings, unless otherwise provided for by law or these Articles. A tie vote shall mean that a motion is rejected. If two persons receive an equal number of votes in an election, the outcome shall be decided by lot.

11.8 Voting shall be by ballot if so requested by any person attending unless the chairman is of the opinion that the arrangements for voting will not influence the outcome.

11.9 Minutes of meetings shall be recorded in the meeting record book and be considered fully valid proof of what took place at the shareholders' meeting. The minutes shall be read aloud prior to the conclusion of the meeting and any comments raised concerning them shall be recorded. The meeting chairman and meeting secretary shall sign the minutes but not meeting attendees.

11.10 Shareholders shall have access to the minutes in the meeting record book or to a certified copy of the minutes at the Company's office no later than 15 days after the shareholders' meeting. The meeting record book shall be preserved securely at the Company's office.

12 Decisions by a shareholders' meeting requiring consent of all shareholders

12.1 Notwithstanding the provision of Art. 11.7, the following decisions by a shareholders' meeting shall only be deemed to be adopted if approved by all the Company's shareholders:

i) decisions reducing shareholders' rights to a dividend or other distribution from the Company, to the benefit of parties other than shareholders;

ii) decisions which increase shareholders' obligations towards the Company;

iii) decisions which restrict shareholders' authorisations to make use of their shares or which oblige shareholders to be subject to partial or full redemption of their shares beyond what is provided for by law, unless the Company is at the same time wound up or its share capital written off in full.

12.2 A decision to amend the Company's Articles of Association which reduces shareholders' rights to dividends or other distribution from the Company's assets, without item i) of Art. 12.1 applying, however, is only valid if shareholders controlling more than 9/10 of the share capital represented by

hluthafafundi samþykki hana.

13 Aðalfundur félagsins

13.1 Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar með sama hætti og til annarra hluthafafunda.

13.2 Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:

i) Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag félagsins á síðasta fjárhagsári.
ii) Staðfesting ársreiknings félagsins og samstæðureiknings og tekin ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og framlög í varasjóð, auk umræðna um athugasemdir endurskoðenda félagsins við reikningsskil þess, ef einhverjar eru.
iii) Ákvörðun um greiðslur arðs.
iv) Kosning stjórnar félagsins.
v) Kosning endurskoðunarfélags.
vi) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra fyrir komandi starfsár.
vii) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
viii) Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
ix) Tillögur frá hluthöfum sem taka ber á dagskrá.
x) Önnur mál.

13.3 Ef hluthafar sem ráða minnst 1/3 hlutafjársins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið ii) í grein 13.2 til framhaldsaðalafundar sem skal haldinn í fyrsta lagi einum mánuði og síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

13.4 Félagsstjórn skal leggja fyrir aðalfund stutta samantekt um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, og gera grein fyrir þeim breytingum sem hafa átt sér stað á árinu. Sambærilegar upplýsingar skulu veittar vegna þeirrar samstæðu sem félagið tilheyrir, ef við á.

14 Félagsstjórn

14.1 Stjórn félagsins skal skipuð fimm til átta einstaklingum og allt að þremur til vara, sem allir skulu kjörnir á hluthafafundi til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri

votes at a shareholders' meeting approve it.

13 The Company's Annual General Meeting

13.1 The Company's annual general meeting (AGM) shall be held before the end of April each year. The Company's Board of Directors shall announce the AGM in the same manner as other shareholders' meetings.

13.2 The following items shall be on the agenda of the AGM:

i) the Report of the Board of Directors on the Company's operations, activities and financial situation during the last financial year;
ii) adoption of the Company's annual financial statements and consolidated financial statements and a decision as to how any profit or loss by the Company during that financial year shall be dealt with, as well as contributions to reserves, together with discussion on any issues raised by the Company's auditors concerning its accounts;
iii) a decision on payment of a dividend;
iv) election of the Company's Board of Directors;
v) election of an auditing firm;
vi) a decision on remuneration to the Board of Directors and compensation to members of the Board's sub-committees for their work in the coming operating year;
vii) a proposal from the Board of Directors concerning the Company's remuneration policy;
viii) motions for amendments to the Company's Articles of Association, if any have been received;
ix) motions from shareholders which should be placed on the agenda;
x) other business.

13.3 If so requested in writing at an AGM by shareholders controlling at least one-third of share capital, a decision on item ii) of Art. 13.2 shall be postponed to a follow-up AGM, to be held no sooner than one month and no later than two months after the AGM. A further postponement cannot be requested.

13.4 The Board of Directors shall submit to the AGM a brief summary of the holdings of individual shareholders and their voting rights and give an account of any changes which have taken place during the year. Similar information shall be provided concerning the group to which the Company belongs, as applicable.

14 Board of Directors

14.1 The Company's Board of Directors shall be comprised of five to eight individuals and at up to three alternates, all of whom shall be elected at a shareholders' meeting for a one-year term. Statutory provisions shall apply concerning eligibility of directors. Election to

menn en kjósa skal.

the Board of Directors shall generally be by ballot if more persons are nominated than are to be elected.

14.2 Samsetning stjórnar félagsins skal, að öðru leyti en segir í grein 14.1, vera með þeim hætti að stjórnarmenn búi sem einstaklingar og sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til þess að skilja þá starfsemi sem félagið stundar og þá áhættu sem henni er samfara.

14.2 The composition of the Board of Directors shall, apart from what is stated in Art. 14.1, be such to ensure that directors individually and jointly have sufficient expertise, qualifications and experience to be able to understand the activities carried out by the Company and the risk they involve.

14.3 Við stjórnarkjör skal þess gætt að hlutfall hvors kyns í aðal- og varastjórn félagsins sé ekki lægra en 40%. Verði niðurstaða stjórnarkjörs í félaginu, hvort heldur er í aðal- og/eða varastjórn, á þann veg að framangreint kynjahlutfall náist ekki, telst stjórnarkjörið ógilt. Þar til lögmæt kosning hefur farið fram þar sem áskilið kynjahlutfall hefur náðst, skal eldri aðal- og/eða varastjórn, eftir því sem við á, sitja áfram. Endurtaka skal stjórnarkjörið þegar í stað eftir að upplýsingar um ófullnægjandi niðurstöður stjórnarkjörs liggja fyrir. Verði skilyrðinu um kynjahlutfall ekki fullnægt við síðari kosningu skal fresta stjórnarkjöri til framhaldsfundar sem haldinn skal innan mánaðar. Skal framhaldsfundurinn boðaður með sama hætti og aðrir hluthafafundir. Skal þar stjórnarkjör endurtekið, þar til áskildu kynjahlutfalli er náð. Í kjöri á framhaldsfundinum skulu vera þeir aðilar sem buðu sig fram til stjórnar á fyrri fundinum, nema þeir hafi áður dregið framboð sitt til baka, en auk þeirra skulu þeir aðilar vera í kjöri sem skilað hafa inn framboði til stjórnar vegna þess stjórnarkjörs er fram fer á framhaldsfundinum. Skulu síðargreindu frambjóðendurnir gæta ákvæða greinar 14.4 varðandi framboð sitt. Hafi stjórnarkjör verið endurtekið þrisvar sinnum á framhaldsfundinum án þess að úrslit þess hafi leitt til fullnægjandi niðurstöðu samkvæmt framangreindu, þá skal litið svo á að sá frambjóðandi til stjórnar af því kyni sem á hallar til þess að fullnægjandi niðurstaða náist og flest atkvæði hefur hlotið af frambjóðendum þess kyns, sem ekki hlutu kjör til stjórnar, teljist réttkjörinn stjórnarmaður. Skal þá jafnframt sá frambjóðandi gagnstæðs kyns sem hlaut kjör til stjórnar en fæst atkvæði hefur á bak við sig víkja fyrir þeim stjórnarmanni sem þannig velst til stjórnar. Sé þörf fleiri einstaklinga en eins af öðru hvoru kyni til þess að framangreint kynjahlutfall náist, skal framangreind regla gilda um þann einstakling af því kyni sem á hallar og sem næst flest atkvæði hefur hlotið af þeim aðilum þess kyns sem ekki hlutu kosningu o.s.frv.

14.3 Care shall be taken in electing the Board to ensure at least 40% representation of each gender among directors and alternates. If the outcome of elections to the Company's Board of Directors, or its alternate Directors, is such that the above-mentioned gender representation is not achieved, the elections shall be deemed invalid. Until a legitimate election has taken place, resulting in the required gender representation, the previous Directors and/or alternates as the case may be shall continue. The election to the Board of Directors shall be repeated immediately after information is available as to the unsatisfactory outcome of an election. If the condition on gender representation is not satisfied in the latter election, the election to the Board of Directors shall be postponed to a follow-up meeting, which shall be held within one month. The follow-up meeting shall be convened in the same manner as other shareholders' meetings. There the election to the Board of Directors shall be repeated until the required gender representation is obtained. At the follow-up meeting those parties who were candidates at the previous meeting shall be eligible for election unless they have withdrawn as candidates; in addition, parties who have announced their candidacy for election at the follow-up meeting shall also be eligible for election. The latter candidates must comply with provisions of Art. 14.4 with respect to their candidacy. If elections to the Board of Directors have been repeated three times at the follow-up meeting, without the outcome resulting in a satisfactory conclusion in accordance with the above, it shall be assumed that the candidate of the gender needed to achieve a satisfactory conclusion who has received the greatest number of votes of those candidates of the same gender who were not elected as directors is deemed to be lawfully elected a director. Furthermore, the candidate of the opposite gender who was elected with the lowest number of votes shall then step down in favor of the director thus elected. If more than one person of either gender is needed to achieve the above-mentioned gender representation the above rule shall apply to the person of the gender needed who has received the next highest number of votes of those candidates of that gender who were not elected and so on.

14.4 Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf þess hluthafafundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram. Í tilkynningunni skulu frambjóðendur veita upplýsingar um nafn sitt, kennitölu, heimilisfang, aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skulu frambjóðendur einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa félagsins sem eiga meira en 10% hlut í því.

14.4 Those individuals who intend to stand for election as directors must give notice of their candidacy in writing to the Board of Directors no later than five days prior to the commencement of the shareholders' meeting at which the election is to take place. In their notification candidates must provide details including their name, Id. No., address, principal employment, other directorships held, education, experience and holding in the Company. Disclosure shall also be made of interest connections with the Company's principal customers and competitors, as well as with shareholders holding more than 10% in the Company.

14.5 Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og skal hún með sannanlegum hætti gefa frambjóðendum kost á að bæta úr þeim göllum sem á tilkynningunum kunna að vera innan tiltekins frests, sem eigi má vera lengri en 24 klukkustundir. Verði frambjóðandi ekki við tilmælum félagsstjórnar um úrbætur á framboðstilkynningu, skal félagsstjórn úrskurða um gildi framboðs frambjóðandans. Unnt er að skjóta úrlausn félagsstjórnar til hluthafafundar félagsins, sem þá skal skera úr um endanlegt gildi framboðs áður en til stjórnarkjörs kemur.

14.5 The Board of Directors shall review candidates' notifications and give candidates by verifiable means the option of rectifying any flaws which they may contain within a specified time limit, which may not be longer than 24 hours. Should a candidate fail to comply with the instructions from the Board of Directors to rectify a notification of candidacy the Board shall take a decision on the validity of his/her candidacy. The decision of the Board of Directors may be referred to a shareholders' meeting of the Company which shall determine finally the validity of the candidacy before elections are held.

14.6 Framboðstilkynningar frambjóðenda til stjórnar félagsins skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir upphaf þess hluthafafundar þar sem kjósa skal stjórn.

14.6 Notifications from candidates to the Board of Directors must be made available to shareholders for inspection at the Company's office no later than 48 hours prior to the commencement of the shareholders' meeting which is to elect the Board of Directors.

14.7 Kosning stjórnar félagsins skal framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga. Ef hluthafar sem ráða fyrir minnst 1/10 hluta hlutafjár krefjast skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst 5 sólarhringum fyrir upphaf þess hluthafafundar þar sem kjósa skal stjórn. Nú koma kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp þar sem krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

14.7 Election of the Board of Directors shall be made by majority voting between individuals. If shareholders controlling at least 1/10 of the Company's share capital so demand, election of directors shall be by proportional or cumulative voting. Such demand must be received by the Company's Board of Directors at least five days before the commencement of the shareholders' meeting where the Board is to be elected. Should demands be received from more than one shareholder group, for both proportional and cumulative election, cumulative election shall be applied.

14.8 Stjórn félagsins skal sjálf kjósa sér formann og varaformann úr sínum röðum og skiptir stjórnin að öðru leyti með sér verkum eftir því sem þurfa þykir.

14.8 The Company's Board of Directors shall elect its Chairman and Vice-chairman from among its members and divide responsibility for other tasks between members as deemed necessary.

15 Stjórnarfundir

15.1 Formaður stjórnar félagsins boðar stjórnarfundi og stýrir þeim. Stjórnarfundi skal halda hvenær sem formaðurinn telur þess þörf. Formaður skal að auki boða til stjórnarfundar ef einn eða fleiri stjórnarmenn, ellegar bankastjóri, óska þess. Stjórnarfundir skulu boðaðir með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara nema allir stjórnarmenn sammælist um skemmri frest.

15.2 Bankastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilfellum. Endurskoðendur félagsins eiga sömuleiðis rétt á að sitja stjórnarfundi.

15.3 Stjórnarfundir í félaginu eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarnanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess kostur. Stjórnarmönnum skal heimilt að sækja fund í gegnum síma eða önnur margmiðlunartæki, ef þörf krefur, nema slíkt hamli þeim verkefnum sem stjórnarfundurinn skal sinna.

15.4 Til þess að ákvörðun stjórnarfundar teljist samþykkt, skal hún hljóta samþykki meirihluta stjórnarmanna. Falli atkvæði um tillögu sem til afgreiðslu er jöfn, ræður atkvæði formanns stjórnar úrslitum. Í fjarveru formanns ræður atkvæði varaformanns úrslitum. Meirihluti stjórnarmanna ritar firma félagsins.

15.5 Stjórnarfundir í félaginu skulu að jafnaði fara fram á heimili þess. Formanni stjórnar er þó heimilt að ákveða að stjórnarfundir skuli fara fram annarsstaðar, telji hann þess þörf og torveldar ekki fundarsókn annarra fundarmanna.

15.6 Stjórn félagsins skal halda gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og skulu fundarmenn staðfesta efni fundargerðar með undirskrift sinni. Sé einhver stjórnarmanna eða forstjóri ekki sammála ákvörðun stjórnar á viðkomandi rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

16 Verkefni félagsstjórnar

16.1 Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Félagsstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félagsins og ritar hún firma þess. Félagsstjórn fer að auki með málefni félagins og skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu

15 Board meetings

15.1 The Chairman of the Company's Board of Directors shall call and direct meetings. Board meetings shall be held whenever the Chairman deems necessary. In addition, the Chairman shall call a Board meeting if one or more directors, or the CEO, so request. Board meetings must be convened with at least 72 hours' notice unless all directors agree on shorter notice.

15.2 Although not a director, the CEO attends meetings of the Board of Directors, at which he/she is entitled to speak and make proposals, unless the Board decides otherwise in individual instances. The Company's auditors shall similarly be entitled to attend Board meetings.

15.3 A Board meeting has a quorum if a majority of directors attend. Major decisions, however, may not be taken without all directors having had the opportunity to discuss the matter if at all possible. Directors may participate in meetings by telephone or other multimedia equipment, if necessary, unless such obstructs those tasks which are to be dealt with at the Board meeting.

15.4 In order for a decision to be adopted by a Board meeting it must receive the approval of a majority of directors. In the case of a tie vote on a proposal to be decided upon the Chairman´s vote shall be deemed as deciding. In the absence of the Chairman, the vote of the Vice Chairman is decisive. The signature of a majority of directors constitutes an obligation on the Company's part.

15.5 Meetings of the Company's Board of Directors shall as a rule be held at its head office. The Chairman of the Board, however, may decide that Board meetings shall be held elsewhere if he/she considers this necessary and it does not make attending the meeting difficult for other Directors.

15.6 The Board of Directors must keep minutes of the proceedings of Board meetings and endorse the substance of the minutes with their signatures. Should any director or the CEO disagree with a decision by the Board the person concerned shall be entitled to have the dissenting opinion recorded in the minutes.

16 Tasks of the Board of Directors

16.1 The Company's Board of Directors exercises supreme authority in its affairs between AGMs. The Board of Directors is the Company's spokesman and obliges the Company. In addition, the Board of Directors determines Company issues and is to ensure

horfi með tilliti til góðra viðskiptahátta og þeirra laga sem um rekstur félagsins gilda. Stjórn félagsins skal jafnframt tryggja að stjórnarhættir og innra skipulag félagsins stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn þess, að aðskilnaði starfssviða sé sinnt og að gripið sé til ráðstafana til þess að dregið sé úr hættu á hagsmunaárekstrum. Stjórn félagsins ber einnig ábyrgð á stefnumótun félagsins, mótun á og samþykkt áhættustefnu félagsins og því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits í félaginu, meðal annars hvað snertir bókhald, meðferð fjármuna og áhættustýringu félagsins. Þá skal stjórn fylgjast með því og tryggja eftir bestu getu að tilkynningar og upplýsingar sem félaginu ber að veita samkvæmt lögum séu réttar.

that the Company's organisation and activities are generally sound and proper with regard to good business practices and the legislation which applies to the Company's operations. The Company's Board of Directors shall generally ensure that its corporate governance and internal organisation encourages its efficient and prudent management, that separation of operating divisions is enforced and that measures are taken to reduce the risk of conflicts of interest. The Company's Board of Directors is also responsible for its strategy, the drafting and adoption of its risk policy and the existence of an effective internal quality control system in the Company, for instance, with regard to the Company's accounting, handling of finances and risk management. The Board shall also monitor and do its best to ensure the accuracy of notifications and information to be provided by the Company according to law.

16.2 Stjórn félagsins ræður félaginu bankastjóra sem er framkvæmdastjóri félagsins að lögum, ákveður starfskjör hans innan marka þeirrar starfskjarastefnu sem samþykkt hefur verið af hluthafafundi og veitir honum lausn frá starfi. Stjórn skal með skilvirkum hætti meta, gagnrýna og hafa eftirlit með ákvarðanatöku bankastjóra. Stjórn skal einnig viðhafa skilvirkt eftirlit með því að bankastjóri starfi eftir þeim lögum og reglum sem um starf hans gilda.

16.2 The Company's Board of Directors shall engage a CEO to serve as managing director of the Company as provided for by law, determine the terms of his/her employment within the limits set by the remuneration policy adopted by a shareholders' meeting and dismiss the CEO from his/her position. The Board shall provide effective assessment, criticism and supervision of the CEO's decisions. The Board shall also ensure through effective supervision that the CEO complies with those acts and rules which apply to his/her work.

16.3 Félagsstjórn veitir prófkúrumboð fyrir félagið.

16.3 It shall also grant authority to oblige the Company.

16.4 Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Starfsreglurnar skulu taka mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í starfsreglunum skal meðal annars mælt fyrir um verkaskiptingu stjórnar, boðun stjórnarfunda og tilhögun á boðun varamanna, samskipti og meðferð upplýsinga, mat á hæfi stjórnarmanna við ákvarðanatöku, skipan undirnefnda og annað það sem rétt er að festa í reglur til að stuðla að farsælu starfi stjórnar. Einnig skal í reglum þessum fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnum dótturfélaga og hlutdeildarfélaga og framkvæmt reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna.

16.4 The Company's Board of Directors shall adopt its own protocols, prescribing the implementation of its tasks in detail. These protocols shall take into consideration recognised guidelines on corporate governance. The protocols shall prescribe, among other things, the division of responsibilities between directors, convening of Board meetings and arrangements for calling on alternates, communications and handling of information, assessment of directors' eligibility for taking decisions, appointment of sub-committees and other issues which should be codified in rules to encourage the positive work of the Board. These rules shall also discuss in particular the authorisation of the Board to take decisions on individual transactions, the implementation of rules on special eligibility of directors, handling of information on individual clients by the Board, membership of directors on the Boards of subsidiaries and affiliated

16.5 Að öðru leyti fer um ábyrgð, vald og störf stjórnar samkvæmt lögum.

16.6 Niðurstöður undirnefnda stjórnar sem kjörnar eru samkvæmt lögum og starfsreglum stjórnar, skulu einungis vera leiðbeinandi fyrir stjórnina og skal hún ekki vera bundin af þeim við afgreiðslu einstakra mála nema lög mæli á annan veg.

17 Bankastjóri

17.1 Bankastjóri og félagsstjórn fara saman með stjórn félagsins.

17.2 Bankastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu eða fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur skal ekki taka til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar þegar litið er til starfsemi félagsins. Slíkar ráðstafanir getur bankastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis eða áhættu fyrir starfsemi félagsins, en í slíkum tilfellum skal bankastjóri hafa samráð við stjórnarformann, sé þess nokkur kostur, og síðan skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

17.3 Bankastjóra er heimilt að koma fram fyrir hönd félagsins í málefnum sem falla innan verksviðs hans.

17.4 Bankastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður félagsins séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

17.5 Bankastjóri ræður starfsmenn félagsins. Hann segir upp starfsmönnum ef þurfa þykir og fjallar um launamál þeirra.

17.6 Bankastjóri skal uppfylla allar þær hæfniskröfur sem lög gera ráð fyrir á hverjum tíma.

18 Reikningar og endurskoðun

18.1 Á aðalfundi skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag á þann veg að þessir aðilar skulu kosnir til fimm ára í senn. Kjósa skal sama aðila sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur. Skal endurskoðunarfélagið rannsaka reikninga félagsins og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár og skal það hafa aðgang að öllu bókhaldi og skjölum félagsins í þeim tilgangi.

companies, and the implementation of rules on handling of business dealings with directors.

16.5 In other respects legislation shall provide for the responsibilities, powers and tasks of the Board of Directors.

16.6 The conclusions of sub-committees of the Board, elected as provided for by law and the Board's protocols, shall only serve as guidance for the Board, which shall not be bound by them in deciding on individual issues unless otherwise provided for by law.

17 The CEO

17.1 The CEO and the Board of Directors shall jointly direct the company.

17.2 The CEO shall handle the Company's everyday operations, implementing the policy or instructions provided by the Board of Directors. Everyday operations shall not include measures which are unusual or major in the context of the Company's operations. The CEO may only take such measures in accordance with specific authorisation from the Board of Directors, unless it be impossible to await the decisions of the Board without considerable inconvenience or risk to the company's operations; in such instances the CEO shall consult the Chairman of the Board if at all possible and the Board shall subsequently be notified of the measure without delay.

17.3 The CEO may speak for the Company on issues falling within his/her mandate.

17.4 The CEO is to ensure that the Company's accounts and finances comply with legislation and good accounting practice and that handling of the Company's assets is secure.

17.5 The CEO engages the Company's employees. He/she also dismisses employees if necessary and discusses their salaries.

17.6 The CEO shall meet all the qualification requirements currently prescribed by law.

18 Accounts and auditing

18.1 The Company's AGM shall elect a certified auditor or auditing firm for the Company for a five-year term. The same party shall be elected as auditor of a parent company, affiliate and subsidiary if at all possible. The auditing firm shall examine the Company's accounts and all accounting documents for each year of operation and shall have access to all the Company's accounts and documents for such purpose.

18.2 Að öðru leyti en hér segir fer að lögum um starf og hæfi endurskoðanda félagsins.

18.3 Endurskoðandi skal gera endurskoðunarskýrslu sem leggja skal fyrir aðalfund í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi mánuði fyrir aðalfund og skal ársreikningurinn og skýrslan liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa í a.m.k. þrjár vikur fyrir aðalfund.

18.2 In other respects the work and eligibility of the Company's auditor shall be governed by legislation.

18.3 The auditor shall prepare an auditor's report to be presented to the AGM as provided for by the Act on Annual Financial Statements. This report shall be received by the Board of Directors at the latest one month prior to the AGM; the annual financial statements and report shall be available for examination by shareholders for at least three weeks prior to the AGM.

19 Starfs- og fjárhagsár félagsins

19.1 Starfsár félagsins er almanaksárið. Stjórn félagsins semur á hverju ári ársreikning og ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla félagsins mynda eina heild.

19.2 Ársreikningur, þ.m.t. samstæðureikningur, skal unninn og gerður í samræmi við ákvæði laga, góða reikningsskilavenju og þá reikningaskilastaðla sem félagið hefur ákveðið að fylgja, m.a. hvað snertir mat á ýmsum liðum ársreiknings, framsetningu hans, sundurliðun hans, skýringar við ársreikninginn og heiti liða.

19 Company's operating and financial year

19.1 The Company's operating year shall be the calendar year. The Board of Directors shall prepare its annual financial statements and annual report each year. The Company's annual financial statements and annual report shall comprise a single document.

19.2 The annual financial statements, including the consolidated statements, shall be prepared and compiled in accordance with statutory provisions, good accounting practice and the financial reporting standards which the Company has decided to follow, for instance, with regard to assessments of various items in the financial statements, their presentation, breakdown, notes and nomenclature.

20 Breytingar á samþykktum félagsins

20.1 Samþykktum þessum má breyta á lögmætum hluthafafundi, enda hljóti breytingin samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, sem og samþykki hluthafa sem fara með a.m.k. 2/3 hluta þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, sbr. þó grein 12, enda sé ekki annað samþykkishlutfall áskilið í lögum eða samþykktum þessum.

20.2 Ef taka á tillögur til breytinga á samþykktum til meðferðar á hluthafafundi, skal gerð grein fyrir meginefni slíkra tillagna í fundarboði.

20 Amendments to the Company's Articles of Association

20.1 These Articles of Association may be amended at a legally constituted shareholders' meeting by a 2/3 majority of votes cast, and if approved by shareholders controlling at least 2/3 of the share capital represented at the meeting, cf. however Art. 12, provided no other proportion is required by law or these Articles of Association for approval.

20.2 If motions for amendments are to be dealt with at a shareholders' meeting an account must be given of the principal substance of such motions in the meeting announcement.

21 Slit félagsins. Samruni. Skipting

21.1 Um slit félagsins, samruna þess við önnur félög eða skiptingu þess í tvo eða fleiri lögaðila skal fara samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga og annarra laga eftir því sem við á. Ákvörðun um slíkar ráðstafanir verður aðeins tekin á hluthafafundi með sama atkvæðamagni og þarf til breytingar á samþykktum þessum.

21 Winding-up of the Company. Merger. Division

21.1 The provisions of the Public Limited Companies Act and other acts as appropriate shall apply to the Company's winding-up, its merger with other companies or division into two or more legal entities. A decision on such a measure can only be taken by a shareholders' meeting by the same power of votes as is required for amendments to these Articles of Association.

22 Önnur ákvæði

22.1 Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli fara, skal fara samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga eins og þau eru á hverjum tíma, auk annarra ákvæða laga, eftir því sem við getur átt.

Ákvæði til bráðabirgða:
Greinar 10.6-10.9 (að báðum greinum meðtöldum) og grein 18.3 skulu ekki taka gildi fyrr en 1. júlí 2018.

Þess í stað gildir eftirfarandi regla um boðun hluthafafunda félagsins:

Alla hluthafafundi félagsins skal boða með almennri auglýsingu eða með rafrænum hætti til hvers hluthafa, með a.m.k. viku fyrirvara, en með tveggja vikna fyrirvara fyrir aðalfund félagsins. Þó má halda hluthafafund sem boðaður er með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé félagsins samþykkja það skriflega fyrirfram.

Ákvæði þetta til bráðabirgða skal falla sjálfkrafa niður á framangreindum degi. Stjórn félagsins skal í kjölfarið staðfesta og senda fyrirtækjaskrá uppfært eintak samþykkta félagsins án þess ákvæðis.

22 Miscellaneous provisions

22.1 The handling of any aspects not provided for in these Articles of Association shall be governed by the current provisions of the Act on Public Limited Companies and provisions of other legislation as applicable.

Temporary provision:
Articles 10.6-10.9 (both articles included), as well as Article 18.3 shall not enter into force until 1 July 2018.

During the aforesaid the following rule shall instead apply regarding the summons of shareholders' meetings:

A shareholders' meetings shall be summoned by a public notice or by electronic means sent to each shareholder with at least one week's notice, but with at least two weeks' notice before the Company's annual general meeting. The time limit may be shortened to one week with the written prior approval of shareholders holding at least 90% of the company's share capital.

This provision is temporary and shall automatically become null and void on the aforesaid date. The Board of Directors shall thereafter ratify and deliver a new copy of these articles of association without this provision to the companies' registrar.

Viðauki nr. 1 við samþykkir Arion banka hf. sbr. grein 9.3. samþykktanna:

Heimild til að kaupa eigin bréf, veitt af hluthafafundi sem fram fór þann 12. febrúar 2018.

Hluthafafundur Arion banka hf., sem haldinn var 12. febrúar 2018, veitir stjórn bankans hér með umboð og heimild til þess að kaupa, á gildistíma heimildar þessarar, hvor heldur sem er í einum viðskiptum eða fleiri, að heildarhámarki allt að 10% (tíu prósent) eða 200 milljón hluti (sem hver er að nafnverði 1 kr.), hvort heldur er lægra, af skráðum og fullgreiddum hlutum sem útgefnir hafa verið af af Arion banka hf. Stjórnin nýtur ennfremur umboðs og heimildar til þess að eiga slík viðskipti á hvaða tíma sem er og við hvaða aðila sem er (þar með talda suma, en þó ekki alla hluthafa bankans), án þess að (hinir) hluthafar bankans eigi rétt til þess að krefjast samsvarandi meðferðar á þann veg að þeir eigi, í tengslum við eða í kjölfar slíkra viðskipta, kröfu til þess að bankinn kaupi einhverja eða alla hluti þeirra í bankanum.

Hámarksverð það sem stjórn bankans má greiða sem endurgjald fyrir hluti sem þannig eru keyptir má ekki vera hærra en 94,177 króna pr. hlut. Lágmarksverð það sem stjórn bankans má greiða í þessu skyni skal vera 1 kr. pr. hlut.

Heimild þessi er veitt á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1994.

Addendum no. 1 to the Articles of Association of Arion Bank hf. pursuant to clause 9.3, hereof:

Authority to purchase own shares provided by a shareholders' meeting held on 12 February 2018

A shareholders' meeting of Arion Bank hf., which was convened on 12 February 2018, hereby empowers and authorises the Board of Directors of the Bank to purchase, whether in one transaction or many, during the validity period of this authority, up to an aggregate maximum of 10% (ten per cent) or 200 million shares (each with a nominal value of ISK 1), whichever is lower, of the Bank's issued, registered and fully paid up shares. The Board of Directors is further empowered and authorised to enter into such transactions at any time and with any party (including some, but not all shareholders of the Bank) without the (other) shareholders of the Bank being entitled to demand equal treatment in that they are permitted, in connection with, or as a result of such a transaction, to require the Bank to purchase some or all of their respective shareholdings of the Bank.

The maximum price per share which the Board of Directors of the Bank may pay by way of consideration for shares thus acquired may not exceed ISK 94.177 per share. The minimum price per share which the Board of Directors of the Bank may pay for these purposes shall be ISK 1 per share.

Heimild þessi gildir til 15. apríl 2018.

This authority is provided on the basis of Art. 55 of Limited Liability Companies no. 2/1995.

This authority shall be valid until 15 April 2018.

Þannig samþykkt á aðalfundi Arion banka hf. 15. mars 2018
Approved at an annual shareholders meeting of Arion Bank hf. on 15 March 2018

Höskuldur H. Ólafsson